

Ed. 237. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Hermann Jónasson, Gísli Jónsson.

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Skal gjaldið reiknast af því verði, sem framleiðendum er greitt á hverjum tíma. Tekjur sjóðsins skulu ár hvert skiptast að jöfnu á milli búnaðarsambandanna annars vegar og stéttarsambands bænda hins vegar, er hvort fyrir sig ráðstafar sínum hluta til nauðsynjamála bændastéttarinnar vegna verkefna þeirra, er þau hafa með höndum. Búnaðarþing skiptir milli búnaðarsambandanna því fé sjóðsins, er fellur í hlut þeirra.

2. gr.

Lög nr. 27 frá 23. apríl 1946, um breyting á lögum um búnaðarmálasjóð, skulu úr gildi felld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögin um búnaðarmálasjóð, sem nú gilda, hafa verið svo þrautrædd, að ekki er ástæða til þess hér í greinargerðinni að skrifa langt mál um þau. Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er gerð sú breyting frá því, sem nú er, að stéttarsambandi bændanna sjálfra eru falin umráð sjóðsins að hálfu, — helmingi árlegra tekna hans. Búnaðarþinginu er veitt heimild til að skipta á milli búnaðarsambanda landsins hinum helmingnum, og verður að telja það eftir atvikum eðlilega ráðstöfun. Búnaðarsamböndin eiga á búnaðarþinginu hvert sinn eða sína fulltrúa, er gæta hagsmuna sambandanna. Virðist það öryggi fyrir, að skipting fjáris milli sambandanna verði réttlát.